

Fangelsi ekki staður fyrir geðsjúka einstaklinga

Eftir Ónund Pál Ragnarsson
onundur@mbl.is

„Þetta er mikið áhyggjuefni. Við hjá Geðhjálp höfum sagt að vistin á Litla-Hrauni geti hreinlega gert menn geðveika,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp- ar, í tilefni af ummælum Margrétar Frímannsdóttur, forstöðumanns Litla-Hrauns, í Morgunblaðinu á laugardag. Þar sagðist Margrét hafa sérstakar áhyggjur af geðsjúkum, sakhæfum afbrotamönnum sem vist- aðir eru í fangelsum, en þar ættu þeir alls ekki heima.

Sveinn segir viðleitni hafa verið sýnda til að efla geðþjónustu á Litla- Hrauni, en ekki hafi gengið sem skyldi. Slík þjónusta sé ekki einungis nauðsynleg fyrir þá sem stríða við geðræn vandamál fyrir fangelsisvist, heldur fyrir vistmenn almennt.



Sveinn Magnússon

„Fangelsi er ekki staður fyrir sjúka einstaklinga. Ef menn eru veikir þarf fyrst og fremst að sinna þeim á heilbrigð- issviði,“ segir Sveinn. Sumir lendi á milli í kerfinu, enda sinni ríkið bú- setumálum geðfátalaðra en sveitar- félögin búsetumálum annarra heim- ilslausra einstaklinga. Aðilar kasti boltanum því á milli sín þegar vafi leikur á því í hvorn flokkinn einstak- lingur fellur. Algengt sé að fólk leið- ist út afbrot sé því ekki sinnt á fé- lagslegu eða heilbrigðissviði. „Það er ófremdarástand. Eg hef miklar áhyggjur af því að einstaklingar sem eru veikir séu settir í fangelsi án við-

eigandi þjónustu. Og svo vegna þess að hún er ekki til á viðkomandi stofn- un þá komi menn annaðhvort veikari út en þeir fóru inn eða verði jafnvel fyrst veikir þar inni.“

Vandamál að LSH taki ekki við

Sveinn segir það yfirlýsta stefnu LSH að taka ekki við geðsjúkum af- brotamönnum. Hann þekkir dæmi af ungum dreng, sem var bæði geð- sjúkur og háður fíkniefnum. Fang- elsismálastofnun, í samráði við Geð- hjálp, hafði komist að þeirri niður- stöðu að hann skyldi ekki afplána fangavist sem vofði yfir honum, færi hann í endurhæfingu. Drengurinn hefði verið því samþykkur. „Land- spítalinn neitaði að taka við honum, þrátt fyrir tilmæli frá Fangelsis- málastofnun og Geðhjálp, en hann er nú látinn. Þetta er mjög alvarlegur hlutur,“ segir Sveinn.